



# Matthildur Gestsdóttir

Fædd 29. september 1936

Dáin 30. nóvember 2021



Prestur: Sr. Sigurður Arnarson  
Organisti: Tómas Guðni Eggertsson  
Fiðluleikari: Matthías Stefánsson  
Einsöngvari: Ragnheiður Gröndal  
Kór: Voces Masculorum  
Umsjón útfarar: Útfararstofa Kirkjugarðanna

*Aðstandendur þakka auðsýnda samúð og vinarhug  
og bjóða viðstöddum að þiggja veitingar  
á Hótel Reykjavík Natura  
að athöfn lokinni.*

Útför frá Kópavogskirkju  
þriðjudaginn 14. desember 2021



## Forspil

Orgel og fiðla

*Ave Maria*

*F. Schubert*

## Bæn

Ég kveiki á kertum mínum  
við krossins helga tré.  
Í öllum sálmum sínum  
hinn seki beygir kné.  
Ég villtist oft af vegi.  
Ég vakti oft og bað.  
Nú hallar helgum degi  
á Hausaskeljastað.

Í gegnum móðu' og mistur  
ég mikil undur sé.  
Ég sé þig koma, Kristur,  
með krossins þunga tré.  
Af enni daggir drjúpa,  
og dýrð úr augum skín.  
Á klettinn vil ég krjúpa  
og kyssa sporin þín.

Ég fell að fótum þínum  
og faðma lífsins tré.  
Með innri augum mínum  
ég undur mikil sé.  
Þú stýrir vorsins veldi  
og verndar hverja rós.  
Frá þínum ástareldi  
fá allir heimar ljós.

*David Stefánsson - Guðrún Böövarsdóttir*

## Ritningarlestur

Drottinn er minn hirðir, mig mun ekkert bresta,  
á grænum grundum lætur hann mig hvílast,  
leiðir mig að vötnum þar sem ég má næðis njóta.  
Hann hressir sál mína, leiðir mig um réttan veg  
fyrir sakir nafns síns.  
Jafnvel þótt ég fari um dimman dal, óttast ég ekkert illt,  
því þú ert hjá mér,  
sproti þinn og stafur hugga mig.  
Þú býr mér borð frammi fyrir fjendum mínum,  
þú smyr höfuð mitt með olíu,  
bikar minn er barmafullur.  
Já, gæfa og náð fylgja mér alla ævidaga mína,  
og í húsi Drottins bý ég langa ævi.  
Drottinn er minn hirðir, mig mun ekkert bresta.

*23. Davíðssálmur - Margrét Scheving*

## Ritningarlestur

### Einsöngur

*Littu sérhvert sólarlag*

*Bragi Valdimar Skúlason*

### Guðspjall

Snert hörpu mína, himinborna dís,  
svo hlusti englar Guðs í Paradís.  
Við götu mína fann ég fjalarstúf  
og festi á hann streng og rauðan skúf.

Úr furutré sem fann ég út við sjó,  
ég fugla skar og líka úr smiðjumó.  
Í huganum til himins oft ég svíf  
og hlýt að geta sungið í þá líf.

Þeir geta sumir synt á læk og tjörn,  
og sumir verða alltaf lítil börn.  
En sólin gyllir sund og bláan fjörð  
og sameinar með töfrum loft og jörð.

Ég heyri í fjarska villtan vængjabyt.  
Um varpann leikur draumsins perluglit.  
Snert hörpu mína, himinborna dís,  
og hlustið, englar Guðs í Paradís.

*David Stefánsson - Atli Heimir Sveinsson*

### Minningarorð

### Einsöngur

*Heyr mína bæn*

*Ólafur Gaukur - Mario Panzeri*

## Bæn

### Einsöngur

*Umvafin englum*

*Sarah McLachlan / Valgeir Skagfjörð*

### Faðir vor

Allt eins og blómstrið eina  
upp vex á sléttri grund  
fagurt með frjóvgun hreina  
fyrst um dags morgunstund,  
á snöggu augabragði  
af skorið verður fljótt,  
lit og blöð niður lagði, –  
líf manlegt endar skjótt.

### Moldun

Ég lifi' í Jesú nafni,  
í Jesú nafni' eg dey,  
þó heilsa' og líf mér hafni,  
hræðist ég dauðann ei.  
Dauði, ég óttast eigi  
afl þitt né valdið gilt,  
í Kristi krafti' eg segi:  
Kom þú sæll, þá þú vilt.

*Hallgrímur Pétursson - Antwerpen 1540 Breytt 1840*

### Blessun

### Eftirspil

Orgel fiðla og söngur

*Vikivaki*

*Jóhannes úr Kötlum - Valgeir Guðjónsson*